



BREYTING Á DEILISKIPULAGINU „LAUGARDALUR - AUSTURHLUTI“ VEGNA NÝRRAR LÓÐAR FYRIR SMÁHÝSI




GILDANDI DEILISKIPULAG 1:2000
samþykkt í borgarráði 13. janúar 2005.



DEILISKIPULAGSBREYTING 1:2000



SKÝRINGARUPPDRATTUR 1:1000
tillaga að fyrirkomulagi húsa



Úr Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

SKÝRINGAR:

- Mörk deiliskipulagsbreytingar
- - - - Lóðarmörk nýrrar lóðar
- Byggingareitur
- Aðkoma akandi inn á lóð
- Smáhýsi
- Gróður
- Sorp
- Gönguleiðir

GREINARGERÐ

AFMÖRKUN DEILISKIPULAGSBREYTINGAR
Við deiliskipulagsbreytinguna verður til ný lóð. Hún er staðsett á opnu borgarlandi mitt á milli Suðurlandsbrautar og Engjavegar, að hluta til á og sunnan við núverandi malarbílaplan.

ADALSKIPULAG
Eitt af grunnmarkmiðum Aðalskipulags Reykjavíkur (AR 2010-2030) er húsnæði fyrir alla. Í kaflanum *Borg fyrir fólk* kemur fram: „Leitast verði við að tryggja fjölbreytt framboð húsgæða og búsetukosta fyrir alla félags hópa.“

Reiturinn er á svæði sem er merktur Opin svæði-Borgargarðar (OP1). Eftirfarandi kemur fram um borgargarða: „Sett er fram stefna um alla skilgreinda borgargarða innan þéttbýlis. Um þá gilda einnig almennir skilmálar sem settir eru fram í kafla um skilgreiningu opinna svæða innan þéttbýlis.“

Opið svæði-Borgargarðar merkt OP1. *Laugardalur* er skilgreint: „Laugardalur er einn af mikilvægustu borgargarðunum innan þéttbýlis. Fjölbreytt íþrótta- og afþreyingaraðstaða einkennir svæðið sem byggt hefur upp á þó nokkrum tíma. Megin stefnan í skipulagi dalsins er að halda áfram með uppbyggingu sambærilegrar útivistar og afþreyingaraðstöðu sem nú er að finna á svæðinu.“

Þó reiturinn sé skv. Aðalskipulagi skilgreindur sem borgargarður, þá er hér um ræða svæði innan deiliskipulags sem ekki hefur neina skilgreinda notkun og er að mestu innan svæðis sem er merkt „Skipulagi frestað“. Auk þess er ekki um að ræða hefðbundna varanlega búsetu á lóðinni, heldur tímabundið úrræði á meðan svæðið hefur ekki fengið formlega skilgreiningu eða hlutverk.

DEILISKIPULAG
Í gildi er deiliskipulag *Laugardalur*, samþykkt í Borgarráði 7. maí 1991. Um er að ræða breytingu á síðast samþykktu deiliskipuagli fyrir svæðið *Laugardalur - Austurhluti*, samþykktu í Borgarráði 13. janúar 2005 og með auglýsingu um gildistöku breytingarinnar birta í B-deild Stjórnartíðinda 17. febrúar 2005. Í gildandi deiliskipulagi er svæðið annars vegar skilgreint sem gönguleið og hins vegar svæði sem er ekki sérstaklega skilgreint, heldur er tekið fram að deiliskipulagi sé frestað þar (Svæði V). Svæðið er ekki á skilgreindri lóð.

NÚVERANDI STAÐA
Svæðið sem um ræðir er annars vegar malarbílaplan og hins vegar tún á borgarlandi sem er ekki í neinni formlegri notkun.

ALMENNIR SKILMÁLAR
Sjá nánar gildandi deiliskipulag *Laugardalur - Austurhluti*, samþykkt í Borgarráði 13. janúar 2005.

LÝSING DEILISKIPULAGSBREYTINGAR
Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetu-úrræði fyrir skjólstaðinga sína. Áætlað er að koma fyrir allt að fimm smáhýsum á nýrri lóð. Ekki er gert ráð fyrir að búseta sé varanleg notkun á lóðinni.

SÉRSKILMÁLAR
Ný lóð verður til við deiliskipulagsbreytinguna. Stærð lóðar er 1850 m². Gert er ráð fyrir allt að fimm smáhýsum á lóðinni. Húsin eru allt að 35 m² að stærð en auk þess er heimilt að gera skyggni yfir inngöngum. Hámarkshæð húsa er 3,5m frá gólfkóta. Gólfkóti húsa verður í u.þ.b. sama plani og aðliggjandi umhverfi. Nýtingarhlutfall er 0,095.

Leitast skal við að staðsetja húsin með bili á milli þeirra, eða það sem hentar skjólstaðingum, svo hvert og eitt þeirra hafi möguleika á skjólsælu og og sólríku útsvæði. Sjá leiðbeinandi uppröðun á skýringaruppdraetti.

Sorpskýli verður sameiginlegt fyrir smáhýsi innan lóðar. Það skal vera aðgengilegt og snyrtilega frágengið.

Gera skal ráð fyrir trjám og gróðri við hönnun lóðarinnar. Frágangur verður snyrtilegur og hæfir íbúðarhúsnæði, með hellulögðum gangstígum og grasþökum. Æskilegt er að gróðursetja tré norðan megin við lóðina til að gefa skjól og mykja ásýnd.

Gera skal grein fyrir hljóðvist á svæðinu og tryggja með aðgerðum að hljóðstig verði innan marka sem hæfir íbúðarhúsnæði samkvæmt gildandi reglugerð. Ef hljóðstig fer yfir LAeq = 65 dB við húshliðar gildir hljóðvistarstaðallinn IST 45:2016 í stað viðmiðunarmarka reglugerðarinnar (sbr. reglugerð um hávaða nr. 724/2008, 1. mgr. 5. gr.).

Heimilt er að reisa hljóðvegg meðfram lóðarmörkum til að tryggja viðunandi hljóðvist ef þörf krefur.

Gert er ráð fyrir að lóð sé afmörkuð með girðingu eða gróðri.

Gerður er fyrirvari um kvaðir vegna lagna á lóðinni.

Aðgengi gangandi, hjólandi og akandi skal vera greitt inn á lóðina. Tengingar inn á lóðina skulu allar vera frá núverandi malarbílaplaninu sem er tengt Engjavegi.

Ekki er gert ráð fyrir bílastæðum á lóðinni en tryggja skal aðkomu sorphirðu- og neyðarbíla.

Gönguleiðum samkvæmt gildandi deiliskipulagi er hlíðrað lítillaga og fylgja lóðarmörkum nýju lóðarinnar.



LOFTMYND tekin 5/8/2019 (Borgarvefsjá) 1:1000

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

þann _____ 20__ og í

þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

Breyting á deiliskipulaginu „Laugardalur - Austurhluti“

vegna nýrrar lóðar fyrir smáhýsi.
Mkv: 1:1000 / 1:2000 / 1:20000
Útgáfa dags: 28.01.2020
Blaðastærð: A2
Teiknað: GV
Útgáfa 1

TRÍPÓLÍ ARKITEKTAR

Klapparstíg 16 | 101 Reykjavík | s: 692-9883 | www.tripoli.is | tripoli@tripoli.is

Andri G. L. Andrésson | Arkitekt ETH FAI | kt: 240182-3949 | andri@tripoli.is
Guðni Valberg | Arkitekt FAI | kt: 250880-5299 | gudni@tripoli.is
Jón Davíð Ásgeirsson | Arkitekt FAI | kt: 250280-5729 | jon@tripoli.is



GILDANDI DEILISKIPULAG YFIRLITSMYND 1:20000
samþykkt í borgarráði 13. janúar 2005.

USK Skipulag

Frá: Lilja Sigrún Jónsdóttir
Sent: fimmtudagur, 2. apríl 2020 21:36
Til: Björn Axelsson; USK Skipulag
Afrit: Íbúasamtök Laugardals
Efni: Sækja um frest á umsagnaferli fyrir deiliskipulag í Laugardal

Efni : lenging á umsagnarferli fyrir deiliskipulagsbreytingu Laugardalur - austurhluti

Sælt veri fólkið.


Stjórn Íbúasamtaka Laugardals fer fram á að frestur til að skila inn umsögn um deiliskipulagsbreytingu fyrir Laugardal Austur (<https://www.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/laugardalur-austurhluti>) sem á að renna út þann 15. apríl nk., verði framlengdur fram á sumar eða haust. Óbreytt afgreiðsla hennar, í samkomubanni sem hamlar fundarhöldum fólks, er ekki forsvaranleg að okkar mati.

Það hafa heyrst raddir íbúa sem vilja óska eftir opnum íbúafundi um málið, enda er um mikla breytingu á fyrra skipulagi dalsins að ræða og var málið m.a. á dagskrá Íbúaráðs Laugardals nýverið.

Stjórn Íbúasamtaka Laugardals óskar eftir að fá kynningarfund með íbúum til að fjalla um málið, þegar aðstæður í samfélaginu leyfa það vegna COVID-19 fársins sem herjar á landsmenn. Miðað við núverandi stöðu, þá er gert ráð fyrir að samkomubann standi til 4. Maí.

Fyrir hönd stjórnar Íbúasamtaka Laugardals,

Lilja Sigrún Jónsdóttir, formaður ÍL.



ÍÞRÓTTABANDALAG
REYKJAVÍKUR

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar

Reykjavík 2. apríl 2020

Efni: Laugardalur – Austurhluti

Íþróttabandalag Reykjavíkur gerir athugasemdir við tillögu að breytingu á deiliskipulagi sem kölluð er „Laugardalur – Austurhluti“ og er til kynningar á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

Það er skoðun stjórnar ÍBR að Laugardalurinn skuli nýttur til íþróttastarfs og annarrar starfsemi sem þar er fyrir. Fyrirhuguð breyting á deiliskipulagi, þó víkjandi sé, er að mati stjórnarinnar ekki til þess fallin að bæta ímynd Laugardalsins sem útivistarsvæði fyrir íbúa borgarinnar. Fjölskyldur, börn og ungmenni sækja sérstaklega í dalinn til útiveru og til að nýta þá fjölbreyttu þjónustu sem dalurinn hefur upp á að bjóða. Það er hætt við að mörgum af yngri kynslóðinni muni finnast óþægilegt návígið við tilvonandi íbúa þessa svæðis og muni jafnvel veigra sér við að vera ein á ferð um dalinn.

Stjórn ÍBR hefur fullan skilning á því að finna þurfi heppilega staðsetningu fyrir smáhýsi sem þessi og að það sé mögulega ekki einfalt verkefni að leysa en að koma þeim fyrir á svæði þar sem börn og ungmenni eiga mikið erindi á er að mati stjórnar ÍBR ekki góð niðurstaða.

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnar ÍBR

Frímann Ari Ferdinandsson

Framkvæmdastjóri

Reykjavík, 8. apríl 2020

Athugasemdir við breytingu á deiliskipulagi Laugardals, “Laugardalur – austurhluti”

F.h. Reita fasteignafélags hf. (hér eftir “**Reitir**”) eru gerðar eftirfarandi athugasemdir við fyrirhugaða breytingu ofangreinds deiliskipulags, en Reitir er eigandi lóðanna að Suðurlandsbraut 34 og Ármúla 31, þ.e.a.s. Orkureitur, sem liggur að fyrirhuguðu skipulagi handan Suðurlandsbrautar.

Skrifað var undir viljayfirlýsingu við Reykjavíkurborg um uppbyggingu á Orkureit í janúar 2019 og er nú unnið að breyttu deiliskipulagi fyrir þá lóð á grundvelli verðlaunatillögu í skipulagssamkeppni um reitinn. Á Orkureit er fyrirhugað að risi allt að 470 íbúðir auk atvinnuhúsnæðis. Af því tilefni gerir félagið eftirfarandi athugasemdir við auglýsta breytingu á deiliskipulagi fyrir austurhluta Laugardals.

1. Almenn um áform Reykjavíkurborgar

Rétt er að vekja athygli á að ekkert samráð eða kynning hefur farið fram gagnvart íbúum, fasteignaeigendum eða rekstraraðilum á svæðinu er varðar það búsetuúrræði sem deiliskipulagstillagan vísar til, hvorki almennt séð né á viðkomandi stað. Fyrstu spurnir Reita af þessu verkefni er sú deiliskipulagsbreyting sem hér er til umfjöllunar.

Engar upplýsingar eru gefnar um það hvaða skjólstæðingum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar úrræðið er ætlað en vandi skjólstæðinga getur verið af afar mismunandi toga. Er úrræðið ætlað heimilislásum með geðraskanir, áfengis- og fíknivanda eða e.t.v. öðrum? Skilgreining á því getur skipt máli þegar metið er hve heppilegt úrræðið er á hverjum stað fyrir sig, m.a. með tilliti til nálægðar við leik- og grunnskóla, íþróttamannvirki og almenn útisvæði þar sem mikil umferð barna er. Eru önnur og heppilegri úrræði sem standa borginni til boða og hefur farið fram valkostgreining þar að lútandi?

2. Varanleg ráðstöfun eða skipulag til bráðabirgða?

Í deiliskipulagstillögunni kemur fram að ekki sé um að ræða varanlega búsetu að ræða sem er frekar óljóst orðalag. Það getur bæði þýtt að smáhýsin séu t.a.m. nýtt af mörgum, þ.e.a.s. ekki varanleg búseta tiltekins skjólstæðings, en einnig að búsetuúrræðið sem slíkt og skipulagið sem það byggir á, sé til bráðabirgða. Engin tímamörk eru þó sett í tengslum við auglýst skipulagsáform. Sú ráðstöfun að setja búsetuúrræðið í gegnum breytingu á deiliskipulagi bendir aftur á móti til að um varanlega ráðstöfun sé að ræða eða a.m.k. til langs tíma. Þá er í skipulagskilmálum gert ráð fyrir stofnun lóðar og ennfremur getið um trjágróður og hljóðveggi sem bendir frekar til að horft sé til nokkurra ára eða áratuga.

3. Neikvæð áhrif skipulagsbreytingar á uppbyggingu á Orkureit

Uppbyggingaráform á Orkureit gera ráð fyrir um 1.000 manna byggð þar sem gert er ráð fyrir öruggri göngutenginu yfir Suðurlandsbraut og í Laugardalinn, m.a. fyrir börn og ungmenni á leið í Langholtsskóla, íþróttaaðsstöðu og Fjölskyldu- og húsdýragarðinn.

Ætla má að uppbygging smáhýsa og fyrirhuguð starfsemi á viðkomandi stað muni setja þá göngutenginu í uppnám og jafnframt hafa verulega neikvæð áhrif á ímynd og solumöguleika íbúða á Orkureit. Þá eru ótalin möguleg félagsleg vandamál sem kunna að skapast á eða við fyrirhugaða

uppbyggingu á Orkureit. Þó fer það eftir því fyrir hvers kyns skjólstæðinga Velferðarsviðs úrræðið er ætlað eins og áður sagði.

Verði deiliskipulagið samþykkt með tilheyrandi neikvæðum áhrifum, áskilur lóðarhafi sér rétt til að endurskoða uppbyggingaráform á Orkureitnum. Rétt er að minna á að stefna borgaryfirvalda í skipulagsmálum er sú að þetta byggð meðfram svokölluðum þróunarsvæði og fyrirhugaðri legu borgarlínu. Að mati Reita væri borgin með umræddri skipulagsákvörðun að vinna gegn þeirri stefnu, verði niðurstaðan á þá leið að lóðarhafi hætti alfarið við uppbyggingaráform sín og haldi áfram fasteignarekstri núverandi bygginga á lóðinni eins og verið hefur.

4. Skipulagsbreyting ekki í samræmi við aðalskipulag


Gerð er athugasemd við að umrædd skipulagsbreyting og fyrirhuguð starfsemi samræmist ekki skilgreindri landnotkun skv. aðalskipulagi Reykjavíkur. Deiliskipulagssvæðið er skilgreint sem opið svæði (OP) í aðalskipulagi.

Ætla má að búsetuúrræði sem hér um ræðir, ætti heima á svæði sem merkt er sem íbúðasvæði (Íb) eða eftir atvikum miðsvæði (M). Ef um opinbera þjónustu er að ræða (starfsemi), mætti ætla að lóðin þyrfti að vera skilgreind á svæði undir stofnanþjónustu (S) eða miðsvæði (M).

Samkvæmt ofansögðu er ljóst að deiliskipulagstillagan er í ósamræmi við gildandi aðalskipulag og að breyta þurfi aðalskipulagi fyrir Laugardalinn til að heimila fyrirhugaða landnotkun.

Umrætt skipulagssvæði fellur jafnframt undir skilgreint þróunarsvæði Þ50 í aðalskipulagi. Þar er skilgreind landræma meðfram og á Suðurlandsbraut sem merkt er miðsvæði (M2g). Ljóst er að fyrirhuguð lóð liggur utan þess svæðis. Aukinheldur er skýrt að skilyrði fyrir mögulegri uppbyggingu á M2g er að Suðurlandsbraut verði endurhönnuð og ekki verði gengið á græn svæði í Laugardal.

Þ50 Laugardalur. Miðsvæði (M2g), svæði fyrir þjónustustofnunar og opið grænt svæði. Blanda verslunar, þjónustu, skrifstofa og íbúða. Á svæði M2g er gert ráð fyrir blöndu verslunar, þjónustu, skrifstofa og íbúða. Lágreist byggð (2-4 hæðir) sem fellur að götummynd Suðurlandsbrautar og með opnum sjónásum til dalsins. Mögulegt byggingarsvæði er háð því að Suðurlandsbraut verði endurhönnuð og skal miða við að ekki verði gengið á græn útivistar- og íþróttasvæði í Laugardalnum. Áætluð aukning húsnæðis um 30-40 þúsund fermetrar. Sjá einnig um uppbyggingu og þróun svæðis í kafla um *Örfirisey-Keldur í Borgin við Sundin*.



Undirritaður gerir alvarlegar athugasemdir við deiliskipulagstillöguna í heild sinni, sem er til þess fallin að hafa veruleg og neikvæð áhrif á uppbyggingaráform Reita á lóðinni Suðurlandsbraut 34. Þau neikvæðu áhrif sem um ræðir eru ekki eingöngu af fjárhagslegum toga heldur varða takmörkun á gæðum íbúða, svo sem öruggum gönguleiðum og barnvænu, öruggu og aðlaðandi umhverfi. Þá er vakinn athygli á að deiliskipulagstillagan er ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag hvað varðar heimila landnotkun.

Virðingarfyllt,
f.h. Reita fasteignafélags hf.

Friðjón Sigurðarson
framkvæmdastjóri þróunarsviðs

USK Skipulag

Frá: Raj Bonifacius <raj@hmr.is>
Sent: sunnudagur, 12. apríl 2020 10:31
Til: USK Skipulag; Björn Axelsson
Efni: Athugasemdir við breyting á deiliskipulagi, "Laugardalur – austurhluti" - <https://www.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/laugardalur-austurhluti>
Viðhengi: Athugasemd_til_skipulagsfulltrui_Laugardalur_austurhluti_fra_HMR_12april2020.pdf

Blessaður Björn

Hvað segir þú gott? Langt síðan ég hef skrifað þér, en maður heldur áfram með markmið allra tennis og fleirir íþróttafólk að koma upp innanhúss tennisaðstaða í borginni.

Ég fekk ábending frá eitt af félagsmanna okkar og vildum við hjá Hafna- og Mjúkboltafélag Reykjavíkur koma fram athugasemdir við breyting á deiliskipulagi, "Laugardalur – austurhluti" - <https://www.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/laugardalur-austurhluti>, a afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum íborginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstaðinga sína. Í breytingunni felst aðkoma fyrir allt að 5 smáhýsum á nýrri lóð.

Erindi okkar í heildsinni er hér í viðhengi.

Við fögnum framtak borgarinnar til að hjálp koma til móts við íbúar sem vantar húsnæði en spurning um staðsetning eins og það er auglýst. Undanfarin tólf ár hefur Hafna- og Mjúkboltafélag Reykjavíkur (HMR) verið með hafna- og mjúkbolta, og fánafótbolta kynningar fyrir nágretta grunnskólar og sumar æfingar og námskeið. Við höfum sótt um framkvæmda-, og stöðuleyfi undanfarin ár vegna gámahús og kamar fyrir sumar iðkendur okkar á nákvæmlega sama staður sem smáhýsum og trjágróður á að reisa, samkvæmt teikninginn á netinu.

Til víðbótar, þá hefur HMR sótt um lóð til skrifstofa borgarstjórans s.l. 31.mars 2020, (tilvísun í mál: R17120166, sjá viðhengi) á nákvæmlega þessi staður,. Markmið er til að reisa innanhúss aðstaða hér til þess að koma til móts við þarfarnir uppbygging tennisíþrótt fyrir fjórir starfandi tennisdeildar í Reykjavík - Fjölur, HMR, Viking og Þrottur, ásamt hinu íþróttir HMR. Starfshópur á vegum Reykjavíkurborg með fulltrúar frá Íþróttabandalag Reykjavíkur og Íþrótt og tómsundasvið Reykjavíkur ásamt formenn fyrirgreindar félög hefur verið að starfa í tæp tíu ár til að finna lausn í málinu. Laugardalur hefur verið fýsilegur kostur vegna staðsetningar sem myndi tryggja tennisíðkendum heilsárs tennisaðstöðu í Reykjavík, sjá rit "**Stefnumótun í íþróttamálum Reykjavíkur til 2030 - Stöðumat og aðrar upplýsingar**" sem var samþykkt í lok febrúar núna í á - https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/30c_stefnumotun_serskyrsla_skjautgafa.pdf

Vinsamlega athuga þetta betur fyrir okkur. Ég er alltaf tilbúin til að mæta á fund ef það getur hjálpar við að finna lausnir.

Takk fyrir að staðfesta móttöku þessi póst.

Bestu kveðjur, Raj

--


Hafna- og Mjúkboltafélag Reykjavíkur

Reykjavik Baseball & Softball Club

raj@hmr.is

tel./s.

www.hmr.is




12.apríl 2020

Efni: Breyting á deiliskipulagi, Laugardalur – austurhluti


Komið þið sæl

Nýlega fengum við ábending frá eitt af félagsmanna okkar um auglýst tillögu að breytingu á deiliskipulagi "Laugardalur - austurhluti" vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstæðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að 5 smáhýsum á nýrri lóð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna - <https://www.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/laugardalur-austurhluti>

Við fögnum framtak borgarinnar til að hjálp koma til móts við íbúar sem vantar húsnæði en spurning um staðsetning eins og það er auglýst. Undanfarin tólf ár hefur Hafna- og Mjúkboltafélag Reykjavíkur (HMR) verið með hafna- og mjúkbolta, og fánafótbolta kynningar fyrir nágretta grunnskólar og sumar æfingar og námskeið. Við höfum sótt um framkvæmda-, og stöðuleyfi undanfarin ár vegna gámahús og kamar fyrir sumar iðkendur okkar á nákvæmlega sama staður sem smáhýsum og trjágróður á að reisa, samkvæmt teikninginn hér fyrir neðan.



DEILISKIPULAGSBREYTING 1:2000



SKÝRINGARUPPDRATTUR 1:1000
Tilfaga að fyrirkomulagi húsa

Til viðbótar, þá hefur HMR sótt um lóð til skrifstofa borgarstjórans s.l. 31.mars 2020, (tilvísun í mál: R17120166, sjá viðhengi) á nákvæmlega þessi staður, sjá mynd hér fyrir neðan. Markmið er til að reisa innanhúss aðstaða hér til þess að koma til móts við þarfarnir uppbygging tennisíþrótt fyrir fjórir starfandi tennisdeildar í Reykjavík - Fjölnir, HMR, Viking og Þrottur, ásamt hinu íþróttir HMR. Starfshópur á vegum Reykjavíkurborg með fulltrúar frá Íþróttabandalag Reykjavíkur og Íþróttta og tómstundasvið Reykjavíkur ásamt formenn fyrirgreindar félög hefur verið að starfa í tæp tíu ár til að finna lausn í málinu. Laugardalur hefur verið fýsilegur kostur vegna staðsetningar sem myndi tryggja tennisíðkendum heilsárs tennisaðstöðu í Reykjavík, sjá rit **“Stefnumótun í íþróttamálum Reykjavíkur til 2030 - Stöðumat og aðrar upplýsingar “** sem var samþykkt í lok febrúar núna í ár, sjá viðhengi - https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/30c_stefnumotun_serskyrsla_skjautgafa.pdf



Vinsamlega athuga þetta betur fyrir okkur. Ég er alltaf tilbúin til að mæta á fund ef það getur hjálpar við að finna lausnir.

Bestu kveðjur,

Raj K. Bonifacius
Hafna- og Mjúkboltafélag Reykjavíkur
Formaður

S.

raj@hmr.is



Raj Bonifacius <raj@hmr.is>

Frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara: Ósk um lóð - Innanhússaðstaða fyrir Hafna- og mjúkboltafélag Reykjavíkur

Tinna.Gardarsdottir@reykjavik.is <Tinna.Gardarsdottir@reykjavik.is>
To: raj@hmr.is

Wed, Apr 1, 2020 at 10:43 AM

Tilvísun í mál: R17120166

Sæll Raj K. Bonifacius,

Vísað er til neðangreinds erindis þíns er barst skrifstofu borgarstjórn og borgarritara í gær, þann 31. mars 2020.

Erindið hefur verið sent á lögræðideild skrifstofu borgarstjóra og borgarritara þar sem lóðaumsjón fer fram. Þau munu vera í sambandi við þig fljótlega.

Bestu kveðjur,
Tinna Gardarsdóttir

Verkefnastjóri stjórnarsýslumála
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Ráðhús Reykjavíkur
Sími: 411-4505
Tölvupóstfang: tinna.gardarsdottir@reykjavik.is

Frá: vefur@reykjavik.is

Dags: 31.3.2020 02:58:29

Til: Erindi

Efni: Form submission from: Erindi til skrifstofu borgarstjóra og borgarritara / Request to the Office of the Mayor and the Chief Executive Officer

Submitted by user:

Submitted values are:

Nafn/Name:

Raj K. Bonifacius

Kennitala/Social Security Number:

0811692339

Netfang/Email:

raj@hmr.is

Netfang staðfest:

raj@hmr.is

Sími/Telephone:

8200825

Ef erindið varðar annan en sendanda vinsamlegast tilgreinið nafn og kennitölu / If your request regards someone else than sender. please put his or her name here:

Efni erindis:

Erindið:

Þetta eru erfiða og óvissu tímanir með COVID19 veiran en við hjá Hafna- og Mjúkboltafélagið (HMR) vildi bara koma okkar ósk um samvinnu til að finna hentugt lóð - helst í Laugardal, til að reisa innanhúss

aðstöðu fyrir íþróttastarfseminfélagsins – fánafótbolta, hafnabolta, mjúkbolta, tennis og jafvel nýjasta íþrótt - "padel", á sumaræfingasvæðifélagsins í Laugardal. Svæðið er skilgreint í dag á deiliskipulaginu sem "SVÆÐI V – SKIPULAGI FRESTAÐ." Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 þá er lóðin innan skipulags Laugardalsins og skilgreint sem opið svæði og nánar skilgreint sem borgargarður. "Innan borgargarða er gert ráð fyrir útivistariðkun og fjölbreyttri mannvirkjagerð af ýsum toga sem tengist nýtingu og þjónustu svæðanna til útiveru, afþreyingar og leikja og allra almennrar frístundiðkunar."

Við höfum verið með sumaræfingar okkar þarna síðan 2008. Við óskum eftir samstarf til að koma til móts við þarfir íþróttarinnar okkar - sérstaklega tennis þar sem fleiri tennisfélög í Reykjavík gæti hafa afnót af sömu aðstaða í Reykjavík. Árið er 2020 og viljum við axla ábyrgð um velgengi þessara íþróttir. Traust samstarfið sem verður gert á réttum forsendum, öllum til hagsbóta. Við erum með reynslu, þekkingu, árangur og metnað og viljum tryggja velgengni þessar heimsíþróttar í borginni okkar.

Hefur verið leitað til annarra aðila hjá Reykjavíkurborg? / Has this request been sent to another department and person within Reykjavik's administration or service?

Nei

Ef já, hvaða aðila? / If yes, to whom?

Hefur verið leitað til annarra embættismanna innan Reykjavíkurborgar vegna erindisins?

Hvers vegna er leitað til borgarstjóra? / Why is a request sent to the Mayor of Reykjavík?

Ég hef reynd að koma upp innanhúss tennisaðstaða fyrir Reykjavíkurborg undanfarin 25 ár án árangrs. Hins vegar ef þið mun lesið skjalið hér í viðhengi, þá sjáið þið hversu tímabært það er fyrir Reykjavík til að koma upp innanhúss tennisaðstaða til að koma til móts við núverandi eftirspurn íþróttina og skapa framtíð fyrir Reykjavík sem vilja komast lengra. Takk fyrir.

Fylgigögn:

https://reykjavik.is/sites/default/files/webform/beidni_hafna_og_mjukboltafelag_rvk_lod_til_uppbygging_laugardal_mars2020_0.pdf

Annað:

Vinsamlega senda mér netfang sem ég get senda tveimur skjöl í viðbót - auka viðhengjum, takk fyrir.

Submission URL:

<https://reykjavik.is/node/7858/submission/53537>

 OutlookMessageContent.msg

34K

Yfirlit um framkomnar hugmyndir að íþróttamannvirkjum (1 af 4)

- A. Knattspyrnufélagið Þróttur og Glimufélagið Ármann.
Fyrir liggur greinargerð og hugmyndir um íþróttahús fyrir Knattspyrnufélagið Þrótt og Glimufélagið Ármann á bifreiðastæðum vestan gervigrasvallar í Laugardal.
Í húsnæðinu yrði æfinga- og keppniastaða fyrir handbolta, blak og körfubolta. Í húsinu gæti einnig farið fram íþróttakennsla á vegum Laugarnes- og Laugalækjarskóla o.fl. skóla. Einnig væri hægt að koma fyrir aðstöðu fyrir frístundaheimili.
Þróttur hefur lagt fram tillögur um að gervigras verði sett á æfingavöll félagsins. ÍBR hefur lagt fram minnisblað um hvernig nýting Laugardals hallar gæti orðið ef þetta hús rís.
- B. Fyrirhuguð skipulags- og uppbyggingamál hjá KR við Frostaskjól til næstu 10 ára. Fyrirhuguð mannvirki, knatthús, íþróttahús, knattspyrnuvöllur með aðstöðu fyrir áhorfendur, húsnæði fyrir ýmsa félagstengda þjónustu. Einnig er gert ráð fyrir verulegu magni íbúðabygginga á svæðinu. Svæðið í heild þarf að fara í deiliskipulag.
- C. Tillögur og hugmyndir um knatthús eða íþróttahús á Hlíðarenda. Byggt af Valsmönnum ehf. en borgin myndi styrkja æfingar í húsinu.
- D. Tennishús
Hugmyndir um tennishús í Laugardal hafa legið fyrir um nokkurt skeið og hafa þær verið greindar. Nú er starfandi vinnuhópur á vegum ÍBR um tennisaðstöðu í Reykjavík.
- E. Knattspyrnufélagið Víkingur
Fyrir liggur skýrsla um framtíðarstefnu Víkings um uppbyggingu í Víkinni.
- F. ÍR
Í gildi er samningur á milli Reykjavíkurborgar og ÍR um uppbyggingu mannvirkja í Suður-Mjódd.
Framkvæmdum við frjálsíþróttavöll lýkur fyrri hluta árs 2020.
Framkvæmdum við fjölnota knatthús lýkur fyrri hluta árs 2020.
Hönnun er hafin á íþróttahúsi.

HLAUP.IS er áhugaverð vefsíða fyrir þá sem stunda hlaup að einhverju marki. Síðan er miðstöð upplýsinga og fróðleiks og er stíluð jafnt inn á frístundaskokkara og keppnisfólk. Þar er listi yfir flest hlaup sem eru haldin og upplýsingar um skráningar.



ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

Matargerð með ástúð og virðingu

Krúska er matstofa og verslun.

Í Krúsku er lögð áhersla á holla og vandaða matargerð. Úrval af ferskum, framandi réttum og lífrænum vörum.

Verið velkomin!

KRÚSKA
VIÐ ELDUM FYRIR ÞIG

KRÚSKA • Suðurlandsbraut 12 • 108 Reykjavík • Sími: 557-5880 • www.kruska.is

Betri notaðir bílar



Toyota Dyna

ÚRVALSBÍLL



Toyota Dyna D/C með palli 3000 dísil 5 gíra
Á götuna: NÝR Verð: 5.200.000 kr. **Betra verð: 3.190.000 kr.**

Hönnun Dyna er hugvitsamleg og státar nýju kerfi sem hallar stýrishúsinu, stórum gluggum fyrir aukið útsýni og stórum sætum sem rúma þrjú fullorðna fram í og þrjú aftur í á þægilegan máta. Dyna er traustur og þægilegur vinnufélagi.

Hvað er Úrvalsbíll?
Er í verksmiðjuábyrgð. 12 mánaða viðbótarábyrgð.

BNB-sölugreining
Bílarinn ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annaðhvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

Betri Notaðir Bílar
Nýbýlavegi 4 og Kletthálsi 2
Sími: 570-5070
www.toyota.is - www.bnb.is

Today
Tomorrow
Toyota

VÍSIR.IS

"...ég sá það á vísi"



Æft er úti við eins lengi og veður leyfir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Æfingarnar fljótar að líða

Hafna- og mjúkboltafélag Reykjavíkur hefur verið til í rúm ár og hefur Alexander Hrafn Ragnarsson verið með frá upphafi. Hann segir hafnaboltaíþróttina stórskemmtilega og æfingarnar því fljótar að líða.

Alexander Hrafn Ragnarsson hefur æft hafnabolta í rúm ár, allt frá því að Hafna- og mjúkboltafélag Reykjavíkur var stofnað í maí 2008.

„Við erum um fjörutíu sem mætum á æfingar en aðalliðið heitir Reykjavíkurtröllin. Við erum þó búin að skipta því upp í liðin Bergtröll og Skógartröll til að geta spilað og urðum við í Skógartröllum Íslandsmeistarar í lok sumars.“

Æfingarnar fara fram á túninu við hlið Glæsibæjar yfir sumar-tímenn en á veturna er félagið með aðstöðu í Víkingshéimilinu. „Flest íþróttahús eru eiginlega of lítil fyrir hafnabolta og of lágt til lofta og því er best að æfa úti við sem lengst.“

Þjálfari liðsins er hinn bandaríski Raj K. Bonifacius og segir Alexander hann öllum hnútum kunnugan hvað íþróttina varðar.

Í félaginu eru bæði stelpur og strákar og segir Alexander marga vera búna að ná ágætum tókum á íþróttinni. Hann segir leikreglurnar virðast nokkuð flóknar í fyrstu en að iðkendur séu fljótir að átta sig á þeim um leið og þeir byrji að æfa. „Æfingarnar standa í tvo tíma en mér finnst þær varla vera byrjaðar þegar þær taka enda. Við æfum okkur að kasta, grípa og slá og síðan tókum við leik.“

Í hafnabolta keppa tvö lið skipuð nýu leikmönnum en auk þess situr þó nokkur fjöldi leikmanna,

sem má skipta inn á, á varamanna-bekk. Leikurinn gengur út á að ná sem flestum stigum með því að slá boltann og hlaupa í hafnir sem eru fjórar talsins. Varnarleikmenn, sem eru í því liði sem ekki er að slá, reyna að koma í veg fyrir að leikmenn nái í höfn. Það er hægt að gera með ýmsum hætti. Meðal annars þannig að kylfingurinn slái þrjú vindhögg, eða ef grípari grípur boltann áður en hann snertir jörðina og eins með því að koma boltanum til baka í fyrstu höfn áður en hlauparinn nær henni.

Alexander vildi gjarnan sjá enn fleiri mæta á æfingar og bendir áhugasömum á slóðina www.hafnabolti.com.

vera@frettabladid.is

1 **-15%**

SMURVINNA

afsláttur af vinnu við smur!



olis

2 **Tilboð**

BÓN OG ÞVOTTUR

Alþrif og teflonbón á tilboðsverði!



3 **-15%**

DEKK

afsláttur af sumardekkjum og jeppadekkjum!



ATH. OPID Á LAUGARD.
KL. 10-14

BÍLKÓ

Þjónustumiðstöð bílsins

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110



Stefnumótun í íþróttamálum Reykjavíkur til 2030

Stöðumat og aðrar upplýsingar



Reykjavíkurborg



ÍÞRÓTTABANDALAG
REYKJAVÍKUR

Fororð

Þessi skýrsla inniheldur stöðumat á íþróttamálum í Reykjavík og á framfylgd gildandi íþróttastefnu og stefnu um sundlaugar. Auk þess eru teknar til nánari lýsingar á mögulegum verkfærum sem ÍTR og ÍBR geta beitt til að fá betri ákvarðanir og til að fylgja stefnuáherslum eftir.

Yfirlit um framkomnar hugmyndir að íþróttamannvirkjum (1 af 4)

- A. Knattspyrnufélagið Þróttur og Glímufélagið Ármann.
Fyrir liggur greinargerð og hugmyndir um íþróttahús fyrir Knattspyrnufélagið Þrótt og Glímufélagið Ármann á bifreiðastæðum vestan gervigrasvallar í Laugardal.
Í húsnæðinu yrði æfinga- og keppnisaðstaða fyrir handbolta, blak og körfubolta. Í húsinu gæti einnig farið fram íþróttakennsla á vegum Laugarnes- og Laugalækjarskóla o.fl. skóla. Einnig væri hægt að koma fyrir aðstöðu fyrir frístundaheimili.
Þróttur hefur lagt fram tillögur um að gervigras verði sett á æfingavöll félagsins. ÍBR hefur lagt fram minnisblað um hvernig nýting Laugardals hallar gæti orðið ef þetta hús rís.
- B. Fyrirhuguð skipulags- og uppbyggingamál hjá KR við Frostaskjól til næstu 10 ára. Fyrirhuguð mannvirki, knatthús, íþróttahús, knattspyrnuvöllur með aðstöðu fyrir áhorfendur, húsnæði fyrir ýmsa félagstengda þjónustu. Einnig er gert ráð fyrir verulegu magni íbúðabygginga á svæðinu. Svæðið í heild þarf að fara í deiliskipulag.
- C. Tillögur og hugmyndir um knatthús eða íþróttahús á Hlíðarenda. Byggt af Valsmönnum ehf. en borgin myndi styrkja æfingar í húsinu.
- D. Tennishús
Hugmyndir um tennishús í Laugardal hafa legið fyrir um nokkurt skeið og hafa þær verið greindar. Nú er starfandi vinnuhópur á vegum ÍBR um tennisaðstöðu í Reykjavík.
- E. Knattspyrnufélagið Víkingur
Fyrir liggur skýrsla um framtíðarstefnu Víkings um uppbyggingu í Víkinni.
- F. ÍR
Í gildi er samningur á milli Reykjavíkurborgar og ÍR um uppbyggingu mannvirkja í Suður-Mjódd.
Framkvæmdum við frjálsíþróttavöll lýkur fyrri hluta árs 2020.
Framkvæmdum við fjölnota knatthús lýkur fyrri hluta árs 2020.
Hönnun er hafin á íþróttahúsi.

Efnisyfirlit

Staða íþróttamála	4
Helstu niðurstöður	5
Íþróttafélög, framboð þjónustu og þátttaka	6
Íþróttamannvirki í Reykjavík, fjárfesting og hugmyndir um uppbyggingu	14
Stuðningur Reykjavíkurborgar við þátttakendur í íþróttum og íþróttafélögin	21
Rekstrarúttekt á hverfaíþróttafélögum í Reykjavík árin 2014-2018	24
Breytingar á hverfaskiptingu hverfisíþróttafélaganna	31
Stöðumat á stefnu	35
Íþróttamál í Reykjavík – Stöðumat á stefnu 2012-2020	35
Laugarnar í Reykjavík – Stöðumat á framtíðarsýn 2032	38
Aðgerðir	44
A1 :Samningur um þjónustu íþróttafélaganna - endurskoðun	46
A2: Aðferðafræði við ákvörðun um uppbyggingu mannvirkja, líkan við forgangsröðun	47



Stađa íþróttamála

Staða íþróttamála - helstu niðurstöður

Íþróttafélög, þjónusta og þátttaka

Þjónustuframboð fyrir börn og unglinga er mismikið og misfjölbreytt eftir hverfum í Reykjavík. Þátttaka barna- og unglinga er mismikil eftir hverfum í Reykjavík, en hlutfallslega þátttaka barna og unglinga úr hverfum 111 og 101/102 er minnst, en mest í hverfi 113.

Íþróttamannvirki

Áætlað fasteignamat íþróttamannvirkja í Reykjavík er um 51 milljarðar kr. Flest íþróttafélögin telja íþróttaaðstöðuna ekki nógu góða og því hafa komið fram margar hugmyndir um nýja aðstöðu eða mannvirki fyrir íþróttir/íþróttafélögin í Reykjavík.

Stuðningur Reykjavíkurborgar við íþróttir

Á árinu 2019 var stuðningur borgarinnar við þátttakendur í íþróttum um 508 mkr, en beinn stuðningur við íþróttafélögin, ÍBR og viðburði á vegum ÍBR var um 2.622 mkr.

Rekstur hverfisíþróttafélaganna

Heildarrekstrarniðurstaða aðalstjórna hverfafélaganna er að versna, er neikvæð 2018 en hafði árin á undan verið jákvæð.

Það hefur dregið úr afkomu körfubolta- og deilda undanfarin ár (ef Valur er undanskilinn í fótbolta)

Rekstrarkostnaður mannvirkja, án launa, hefur aukist talsvert umfram verðlag á árunum 2014-2018 sem þýðir að sá rekstur er að verða æ meiri baggi á félagunum.

Heildarlaunakostnaður félaganna hefur vaxið gríðarlega eða um rúm 50% frá árinu 2014

Ef aðeins er horft á launakostnað aðalstjórna vegna skrifstofurekstrar og rekstrar mannvirkja

þá er hækkunin um 30% á sama tíma.

Framlag til rekstrar hefur aftur á móti aðeins hækkað um rúm 20% sem þýðir að félagin


þurfa í meira mæli að treysta á sjálfsaflafé.

Skuldastaða hefur haldist nokkuð svipuð á tímabilinu og veltufjármunir og skuldir eru í nokkuð góðu jafnvægi.

Sérgreina- og fjölgreinafélög í Reykjavík sinna öflugu barna og unglíngastarfi

Mörg sérgreina- og fjölgreinafélög í Reykjavík reka umfangsmikið barna- og unglíngastarf. Af þeim 33 félögum sem eru með barna- og unglíngastarf voru 19 félög með 10 eða fleiri iðkendur úr Reykjavík á aldrinum 6-18 ára.

Sérgreina- og fjölgreinafélög með >10 iðkendur úr Reykjavík 6-18 ára
(frístundakortsgögn 2019)



* Tölurnar innihalda iðkendur á aldrinum 6-18 ára sem nota frístundastyrk Reykjavíkurborgar til greiðslu amk hluta æfingagjalda. Iðkendur félaganna eru fleiri (þeir sem eru eldri eða yngri en 6-18 ára, þeir sem ekki nota frístundakort til greiðslu og þeir sem koma frá öðrum bæjarfélögum). Hver einstaklingur er aðeins talin einu sinni, þó viðkomandi æfi fleiri íþróttgreinar hjá sama félagi.

USK Skipulag

Frá: Freyr Ólafsson <freyr@fri.is>
Sent: mánudagur, 13. apríl 2020 08:56
Til: USK Skipulag
Afrit: FRÍ - Stjórn FRÍ; Borgarstjórnin í Reykjavík; Frjálsíþróttasamband Íslands
Efni: Athugasemd við auglýsingu á deiliskipulagi Reykjavíkurborgar "Laugardalur - austurhluti" vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi
Viðhengi: 20200413 Bref til Skipulags hjá Reykjavík vegna deiliskipulags.pdf

Ágæta skipulagssvið,

viðhengt má finna athugasemdir FRÍ vegna auglýsingar á deiliskipulagi Reykjavíkurborgar vegna Laugardals - austurhluta, vegna afmörkunar lóðar fyrir smáhýsi inni á útivistar- og íþróttasvæði í Laugardal.

Með íþróttakveðju,

Freyr Ólafsson
Formaður FRÍ

Frjálsíþróttasamband Íslands
Engjavegi 6, 104 Reykjavík



Reykjavík 13. apríl 2020

Viðtakandi: Skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Afrit: Borgarstjóri
Sendandi: Formaður FRÍ fyrir hönd stjórnar FRÍ

Ágæta skipulagssvið Reykjavíkurborgar,

Með þessu bréfi vill FRÍ gera athugasemdir við auglýsingu á deiliskipulagi Reykjavíkurborgar "Laugardalur - austurhluti" vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi, sbr. uppdrátt [hér](#).

Umræddum smáhýsum er ætlaður staður á því sem einhver gæti séð sem óræktarlegt bílapan og nágrenni. Þeir sem hafa fylgst með umræðum um þjóðarleikvanga í íþróttum átta sig þó fljótt á að hér er um að ræða svæði sem getur orðið lykilsvæði í að leysa til framtíðar málefni þjóðarleikvanga fyrir fjölda íþróttar.

Ein af þeim sviðsmyndum sem hafa verið settar fram eru að neðan Suðurlandsbrautar, í tengslum við Frjálsíþróttahöllina í Laugardal verði byggður frjálsíþróttavöllur á Suðurlandsbrautarvelli, svæði sem Þróttur hefur boðist til að afsala sér, gegn því að fá önnur svæði útbúin fyrir sínar íþróttir í hjarta síns svæðis. Sem hluti af þessu ferli yrði Kastvöllurinn í Laugardal væntanlega einnig aflagður og honum fundinn staður, einmitt á því svæði sem hér er nefnt. Á svipuðum slóðum hafa verið uppi vangaveltur um nýja þjóðarhöll innanhúss íþróttar sem myndi auka enn á mikilvægi þess að hafa frelsi til athafna.

Í þessu ljósi förum við fram á að auglýst breyting á deiliskipulagi verði afturkölluð, eða a.m.k. ekki leyfð.

Auk þessa fæst ekki annað séð í ljósi [fréttar](#) af úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindarmála um smáhýsi í vesturbæ, þar sem ítrekuð er krafan um að bæði aðal- og deiliskipulag geri ráð fyrir íbúðarbyggð á viðkomandi svæði, en að fyrirhuguð íbúðarbyggð, þó til skemmri tíma sé fyrir hvern íbúa standist ekki á inn á útivistar- og íþróttasvæðið í Laugardal. Við vonum að svæðið fái að standa undir nafni sem útivistar- og íþróttasvæði um ókomin ár.

Fyrir hönd stjórnar FRÍ,

Freyr Ólafsson, formaður FRÍ



Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar

Reykjavík 14. apríl 2020

Efni: „Laugardalur – austurhluti“ Tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Skipulags – og samgönguráð Reykjavíkurborgar hefur auglýst tillögu um breytingu á deiliskipulagi „Laugardalur – austurhluti“ vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi í Laugardalnum sem ætlað er að vera hluti af búsetuúrræði Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir skjólstæðinga sína.

Knattspyrnufélagið Þróttur gerir alvarlegar athugasemdir við framlagða tillögu og telur fyrirhugað úrræði ekki samræmast þeirri starfsemi sem þegar er fyrir í Laugardalnum. Laugardalurinn er vinsælt útivistarsvæði auk þess að íþróttasvæði Þróttar nær yfir allan Laugardalinn og fjöldinn allur af ungum íþróttaiðkendum nýta þá starfsemi sem Þróttur hefur upp á að bjóða á svæðinu. Skv. tillögunni er m.a. gert ráð fyrir að umrædd smáhýsi verði staðsett steinsnar frá mikilvægu keppnis – og æfingarsvæði félagsins við Suðurlandsbraut og við TBR, en fyrirhugað svæði er nánast við gönguleið milli þessara æfingarsvæða. Bæði æfingarsvæðin eru mikið nýtt til starfseminnar auk þess sem þau eru hluti af keppnissvæði stórra knattspyrnumóta sem taka á móti þúsundum iðkenda og fjölskyldum þeirra á ári hverju.

Eina örugga leið iðkenda að félagssvæði Þróttar úr Voga og Sundahverfi, sem flest fara á hjólum eða ganga, er í gengum Laugardalinn rétt hjá fyrirhugaðri staðsetningu. Afar líklegt verður að teljast að iðkendum félagsins og fjölskyldum þeirra muni þykja návígi við slík búsetuúrræði óþægileg og er mikilvægt þegar starfsemi íþróttafélaga er annars vegar að iðkendum og öðrum líði vel og upplifi sig örugg í umhverfi sínu, íþróttafélögin leggja metnað sinn í svo sé og hefur staðsetningin í Laugardalnum hingað til þótt afbragðs góð til okkar starfsemi. Því miður hafa borist ítrekaðar fréttir af neikvæðri upplifun af slíkum búsetuúrræðum t.d. á Fiskislóð og hefur m.a. verið bent á að þar sé eiturryfjaneysla og sala, ofbeldi, þjófnaður og sóðaskapur alls kyns sem klárlega á ekki heima í nærumhverfi starfsemi íþróttafélags þar sem börn og unglingar eru daglegir gestir í hundraða og á stundum þúsunda tali. Þar fyrir utan höfum við ekki eingöngu áhyggjar af þeim einstaklingum sem munu vera í smáhýsunum heldur ekki síður heimsóknum vina og félaga sem enn kunna að vera í neyslu eða öðrum ólífnaði.

Knattspyrnufélagið Þróttur hefur vissulega skilning á því að Velferðarsvið Reykjavíkurborgar þurfi að finna heppilega staðsetningu fyrir sín úrræði en það getur ekki verið heppileg staðsetning að smáhýsum sem þessum sé komið niður á helsta starfssvæði eins fjölmennasta íþróttafélagsins í Reykjavík.

Virðingarfyllst f.h. stjórnar Knattspyrnufélagsins Þróttar

Finnþogi Hilmarsson, formaður.



Umhverfis og skipulagssvið Reykjavíkur
Borgartúni 12 - 1
105 Reykjavík

Reykjavík 29.04.2020

Efni: Umsögn Veitna vegna breytinga á deiliskipulaginu „Laugardalur-Austurhluti“ .

Veitur gera athugasemdir við breytingu á deiliskipulaginu „Laugardalur – Austurhluti“.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstæðinga sína.

Samkvæmt breyttri deiliskipulagstillögu er fyrirhugað að staðsetja fimm smáhýsi á nýrri lóð í austurhluta Laugardals. Veitur benda á að tenging við hitaveitu kemur til með að vera óhagkvæm þar sem að þvera þarf Suðurlandsbraut til að tengjast heitu vatni. Kostnaður við heimlagnir fellur á Reykjavíkurborg eða framkvæmdaraðila skv. gjaldskrá Veitna.

Virðingarfyllst,

Helga Rún Guðmundsdóttir

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14

105 REYKJAVÍK

Efni:

Bókanir á fundi íbúaráðs Laugardals um smáhýsi sem tímabundið búsetuúrræði í hverfinu

Á fundi íbúaráðs Laugardals þann 11. maí fór fram umræða um smáhýsi sem tímabundið búsetuúrræði í hverfinu sbr. 6. lið fundargerðar s.d.

Fulltrúi Pírata, fulltrúi Samfylkingar og fulltrúi foreldrafélaga í íbúaráði Laugardals leggja fram svohljóðandi bókun:

Ofangreindir fulltrúar styðja tilkomu smáhúsa í borgarhlutann og lýsa einnig yfir stuðningi við hugmyndafræðina sem kallast á ensku "Housing first". Um leið vekja fulltrúarnir athygli á því sjónarmiði Íbúasamtaka Laugardals, íþróttafélaga í borgarhlutanum og ýmissa íbúa að ekki skuli setja niður íbúabyggð á þessu einu helsta útivistarsvæði í Reykjavík. Einnig hafa komið fram spurningar um hvernig öryggi barna á leið í og úr íþróttum verði tryggt.

Ofangreindir fulltrúar benda á að verði smáhúsum fundinn staður þar sem nú er fyrirhugað, verði sú staðsetning skilgreind í skamman og tiltekinn tíma á meðan leitað er að öðrum stöðum í borgarhlutanum. Þetta ferli verði sömuleiðis framkvæmt í samræðu við íbúa. Loks hvetja fulltrúarnir til samræðu borgaryfirvalda og nýrra jafnt og eldri íbúa um lausnir. Betur sjá augu en auga og auk þess er það í þágu íbúalýðræðis að við leysum í sameiningu þau verkefni sem fyrir liggja, í þessu tilviki brýnan húsnæðisvanda samferðafólks okkar.

Fulltrúi íbúasamtaka í íbúaráði Laugardals leggur fram svohljóðandi bókun:

Í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 segir að Laugardalur sé „einn af mikilvægustu borgargörðunum innan þéttbýlis“ (bls. 262). Einnig er það eitt af markmiðum skipulagsins að „[t]ryggja borgarbúum fjölbreytt, aðlaðandi og aðgengileg opin svæði til framtíðar“ (bls. 91). Í breytingartillögunni sem hér er til umræðu er lagt til að ráðstafa 1850 m² svæði undir íbúðir. Þar er fyrir ósjálegt malarbílastæði, sem sker í sundur opið grænt svæði. Íbúar hafa notað þetta græna svæði til fjölbreyttrar íþróttaiðkunar og útiveru. Nær væri að hlúa betur að þessu opna græna svæði og gera það meira aðlaðandi. Einnig er tímabært að borgin móti stefnu og heildarskipulag fyrir Laugardalinn allan. Mikilvægt er að aðstoða heimilislausa með fjölpættan vanda og verkefni Reykjavíkurborgar um „húsnæði fyrst“ er þarft úrræði. Íbúasamtök Laugardals gera ekki athugasemdir við breytingu á deiliskipulagi vegna fyrirhugaðra smáhúsa í Guðrúnartúni og við Kleppsmýrarveg, en hafna tillögu um breytt

deiliskipulag í austurhluta Laugardals og standa með því vörð um dalinn sem útivistarsvæði Reykvíkinga allra.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í íbúaráði Laugardals leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins tekur undir bókun fulltrúa íbúasamtaka Laugardals.

Með kveðju

Heimir Snær Guðmundsson

Afrit:

Verkefnastjóri tillögu að breytingu á deiliskipulagi "Laugardalur - austurhluti" vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi.

Tengiliður íbúaráða á velferðarsviði.

Tengiliður íbúaráða á umhverfis- og skipulagssviði

Reykjavík 2. júní 2020

Efni: „Laugardalur - austurhluti“ Tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Fulltrúar neðangreindra íþróttafélaga í Laugardal vilja koma á framfæri athugasemdum við breytingar á deiliskipulagi „Laugardalur - austurhluti“ vegna fyrirhugaðrar staðsetningar smáhýsa sem ætlað er að vera búsetuúrræði skjólstaðinga Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. En rétt fyrir ofan Fjölskyldu- og húsdýragarðinn er áætlað að staðsetja fimm smáhýsi fyrir heimilislaust fólk með flóknar þjónustuparfir og sem er m.a. í fíkniefna- og áfengisneyslu.

Við, forsvarsmenn íþróttafélaga í Laugardalnum teljum að þessar breytingar séu til þess fallnar að ógna öryggi barna á leið í íþrótt- og tólmstundastarf. Leið barnanna sem búsett eru í Voga- og Sundahverfi á æfingar liggur í gegnum Laugardalinn ýmist gangandi eða hjólandi auk þess sem fjöldi barna koma lengra að með strætisvögnum og ganga í gegnum dalinn frá Suðurlandsbraut eða Grensásvegi.

Ekki er víst að foreldrar muni treysta sér til að senda börn sín ein á æfingu þar sem öryggi þeirra er ekki tryggt. Bílaumferð um dalinn mun þá óhjákvæmilega aukast og jafnvel mun einhver hluti barna ekki geta iðkað sína íþrótt.

Við gerum okkur grein fyrir að finna verður hentugan stað fyrir jafn verðugt verkefni og smáhýsin eru, en að sama skapi má draga það í efa að sá staður sé stærsta fjölskyldu- og íþróttasvæði landsins. Við förum fram á að þetta verði endurskoðað og öryggi barnanna haft að leiðarljósi.

Virðingarfyllst f.h.

Glímfélagsins Ármanns

Skautafélags Reykjavíkur – listhlaupadeild

Knattspyrnufélags Þróttar

Tennis- og badmintonfélags Reykjavíkur

Borðtennisdeildar Víkings



Guðrún Harðardóttir formaður Ármanns



Anna Gígja Kristjánsdóttir formaður Skautafélags Reykjavíkur – listhlaupadeild

Laugardalur – austurhluti

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi vegna smáhýsa

Athugasemdir og svör

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulaginu "Laugardalur - austurhluti" vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstæðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að 5 smáhýsum á nýrri lóð, samkvæmt uppdr. Trípólí arkitekta dags. 28. janúar 2020. Einnig er lagður fram tölvupóstur Lilju Sigrúnar Jónsdóttur f.h. stjórnar Íbúasamtaka Laugardals dags. 2. apríl 2020 þar sem óskað er eftir framlengingu á athugasemdarfresti.

Tillagan var auglýst frá 4. mars 2020 til og með 29. apríl en frestur til að skila inn athugasemdum framlengdur til 3. júní 2020. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir/ábendingar/umsögn:


1. Frímenn Ari Ferdinandsson f.h. stjórnar Íþróttabandalags Reykjavíkur dags. 2. apríl 2020
2. Einar Símonarson dags. 8. apríl 2020
3. Vilborg Traustadóttir dags. 8. apríl 2020
4. Friðjón Sigurðarson framkvæmdastj. Þróunarsviðs f.h. Reita fasteignafélags hf. dags. 8. apríl 2020
5. Katrín Þóra Jónsdóttir dags. 8. apríl 2020
6. Ingibjörg Júlíusdóttir dags. 9. apríl 2020
7. Sigrún Böðvarsdóttir dags. 9. apríl 2020
8. Pálmi Símonarson dags. 9. apríl 2020
9. Sigríður Ragnarsdóttir dags. 9. apríl 2020
10. Vilhjálmur Hallgrímsson dags. 9. apríl 2020
11. Kristín Sigurðardóttir dags. 11. apríl 2020
12. Raj K. Bonifacius, Hafna- og mjúkboltafélag Reykjavíkur, dags. 12. apríl 2020
13. Freyr Ólafsson f.h. stjórnar FRÍ dags. 13. apríl 2020
14. Ingvar Garðarsson dags. 13. apríl 2020
15. Ingunn Ásta Sigmundsdóttir dags. 13. apríl 2020
16. Smári Hrólfsson dags. 13. apríl 2020
17. Skúli Víkingsson dags. 14. apríl 2020
18. Ingibjörg Kaldal dags. 14. apríl 2020
19. Dagný Hrönn Ásgeirsdóttir dags. 14. apríl 2020
20. Natalia Teran Garcia dags. 14. apríl 2020
21. Daníel Ingvarsson dags. 14. apríl 2020
22. Finnboði Hilmarsson f.h. stjórnar Knattspyrnufélags Þróttar dags. 14. apríl 2020
23. Sólbjört Guðmundsdóttir dags. 14. apríl 2020
24. Magnús Grétarsson dags. 14. apríl 2020
25. Daníel Oddsson dags. 14. apríl 2020
26. Margrét Jóhanna Jóhannsdóttir dags. 14. apríl 2020
27. Halla Björgvinsdóttir dags. 14. apríl 2020
28. Erla Kristín dags. 14. apríl 2020
29. Ásdís Guðmundsdóttir dags. 14. apríl 2020
30. Halla Sverrisdóttir dags. 14. apríl 2020
31. Árni Jónsson dags. 14. apríl 2020
32. Lárus Kjartansson dags. 14. apríl 2020
33. Gyða Karlsdóttir dags. 14. apríl 2020
34. Drífa Ósk Sumarliðadóttir dags. 14. apríl 2020
35. Ásthildur Gunnarsdóttir dags. 14. apríl 2020
36. Bergþóra Karen Ketilsdóttir dags. 14. apríl 2020
37. Eva Arnarsdóttir dags. 14. apríl 2020



38. Elísabet Magnúsdóttir dags. 14. apríl 2020
39. Donna Kristjana dags. 14. apríl 2020
40. Jón Ágúst Eiríksson dags. 14. apríl 2020
41. Sigurður Schram dags. 15. apríl 2020
42. Erna Kristín Ernudóttir dags. 15. apríl 2020
43. Helgi Björnsson dags. 15. apríl 2020
44. Björn Bragi Bragason dags. 15. apríl 2020
45. Valdís Sigurbórsdóttir dags. 15. apríl 2020
46. Jesús Munguía dags. 15. apríl 2020
47. Þórdís Vala og fjölskylda dags. 15. apríl 2020
48. Bryndís Guðmundsdóttir dags. 16. apríl 2020
49. Aðalheiður Svanhildardóttir dags. 20. apríl 2020
50. Hafdís Ósk Sigurðardóttir dags. 20. apríl 2020
51. Ingunn Nielsen dags. 26. apríl 2020
52. Jón Hafsteinn Jóhannsson dags. 29. apríl 2020
53. Benedikt Þór Jóhannsson dags. 29. apríl 2020
54. Sigrún Sif Jónsdóttir dags. 29. apríl 2020
55. Una Nielsdóttir Svane dags. 29. apríl 2020
56. Veitur dags. 29. apríl 2020
57. Lilja Sigrún Jónsdóttir f.h. stjórnar Íbúasamtaka Laugardals dags. 29. apríl 2020 og 3. júní 2020
58. Arnfríður Inga Arnmundsdóttir dags. 29. apríl 2020
59. Rósa Björk Sveinsdóttir dags. 6. maí 2020
60. Arna María Gunnarsdóttir dags. 8. maí 2020
61. Sigríður Oddsdóttir dags. 8. maí 2020
62. Edda Huld Sigurðardóttir dags. 8. maí 2020
63. Stefanía dags. 9. maí 2020
64. Íbúaráð Laugardals dags. 12. maí 2020
65. Lilja Una Óskarsdóttir dags. 28. maí 2020
66. Karl Gunnarsson dags. 28. maí 2020
67. Sigþór Hjartarson dags. 28. maí 2020
68. Ásthildur Björgvinsdóttir dags. 31. maí 2020
69. Guðrún Harðardóttir og Anna Gígja Kristjánsdóttir fulltrúar Grímufélagsins Ármanns, Skautafélags Reykjavíkur - listhlaupadeild, Knattspyrnufélags Þróttar, Tennis- og Badmintonfélags Reykjavíkur og Borðtennisdeildar Víkings dags. 2. júní 2020.



AR 2010-2030



Auglýst tillaga: Uppdráttur dags. 28.1.2020



Athugasemdum verður svarað í eftirfarandi flokkum:

1. Athugasemdir varðandi aðalskipulag
2. Athugasemdir varðandi Laugardalinn sem útivistarsvæði
3. Athugasemdir varðandi tilvonandi íbúa
4. Athugasemdir íþróttafélaga og -aðila
5. Aðrar athugasemdir

1. Athugasemdir varðandi aðalskipulag

Fjöldi bréfaritara telur fyrirhugaða landnotkun (þ.e. tímabundna búsetu) ekki samræmast skilgreindum landnotkunarheimildum í gildandi aðalskipulagi (AR 2010-2030). Svæðið sem um ræðir sé skilgreint sem opið svæði (OP):

„Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.“

Laugardalurinn sé enn fremur skilgreindur sem borgargarður:

„Innan borgargarða er gert ráð fyrir útivistariðkun og fjölbreyttri mannvirkjagerð af ýmsum toga sem tengist nýtingu og þjónustu svæðanna til útiveru, afþreyingar og leikja og allrar almennrar frístundaiðkunar. Einnig má gera ráð fyrir veitingaaðstöðu og veitumannvirkjum.“

Einnig er vísað í B-hluta aðalskipulags þar sem fram kemur að meginstefnan í skipulagi dalsins sé að halda áfram með uppbyggingu sambærilegrar útivistar og afþreyingaraðstöðu sem nú er að finna á svæðinu. Þá segi í kaflanum „Náttúra, landslag og útivist“ að innan borgargarða sé gert ráð fyrir „útivistariðkun og fjölbreyttri mannvirkjagerð af ýmsum toga sem tengist nýtingu og þjónustu svæðanna til útiveru, afþreyingar og leikja og allrar almennrar frístundaiðkunar.“

Deiliskipulag megi ekki vera í andstöðu við gildandi aðalskipulag, sbr. 3. mgr. 37. gr. skipulagslaga) og því sé ljóst að íbúðarhúsnæði sé óheimilt í dalnum og falli ekki að hlutverki *borgargarðs*.

Vísað er í úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 79/2019 þar sem hin kærða ákvörðun um staðsetningu smáhýsa á miðsvæði við Héðinsgötu var felld úr gildi vegna þess að ekki þótti nógu skýr heimild fyrir íbúðarhúsnæði á svæðinu.

Þá sé íbúðarbyggð í Laugardal ekki í samræmi við markmið Svæðisskipulags Höfuðborgarsvæðisins 2015-2040, en í kafla 4.1 komi fram að í borgargörðum, m.a. Laugardal, skuli vera aðstaða til leikja, samkomuhalds og daglegrar endurnæringar. Því beri að hafna tillögunni.

Svar:

Samhliða breytingartillögu þessari er í vinnslu aðalskipulagsbreytingin „*Sértæk búsetuúrræði*“ sem hefur það að markmiði að skerpa almennt á landnotkunarheimildum er varða staðsetningu sértækra búsetuúrræða. Þá er markmið breytingartillögunnar einnig að fylgja eftir stefnu aðalskipulags um húsnæði fyrir alla og tryggja framfylgd stefnumörkunar Reykjavíkurborgar í málefnum heimilislausra.

Undanfarin misseri hefur umhverfis- og skipulagssvið unnið að því að finna ýmsum sértækum búsetuúrræðum stað í landi borgarinnar. Af gefnu tilefni er brýnt að skýra betur heimildir um mögulega staðsetningu þessara húsnæðislausna innan mismunandi landnotkunarsvæða aðalskipulagsins. Leiðarljósið við aðalskipulagsbreytinguna er að skapa aukinn sveigjanleika svo mögulegt verði að staðsetja ný úrræði, eftir því sem þörf krefur hverju sinni, með eins skjótum hætti og kostur er. Í breytingartillögunni segir m.a.:

„Við staðarval húsnæðis af þessu tagi þarf að hafa í huga sérþarfir þeirra einstaklinga sem þar eiga að búa en markmiðið er þeir geti notið sömu umhverfisgæða og nærþjónustu og þeir sem búa í hefðbundnu íbúðarhúsnæði innan hefðbundinnar íbúðarbyggðar. Fyrsti kostur í staðsetningu þessara úrræða ætti því að



vera innan íbúðarhverfa eða blandaðrar byggðar. Reynslan sýnir hinsvegar að oft getur reynst erfitt að skapa sátt um staðsetningu mismunandi búsetuúrræða innan gróinna hverfa, einkum vegna andmæla íbúasamfélagsins en einnig vegna þess að land eða hentugt húsnæði liggur ekki á lausu. Í ljósi þessa - og að líta verður á umræddar húsnæðislausnir sem oftast tímabundnar fyrir viðkomandi einstaklinga, að stundum er um auðfæranleg mannvirki (smáhýsi) að ræða og að nauðsynlegt er að geta gripið til skjótra viðbragða vegna yfirvofandi neyðar - er skynsamlegt að skapa víðar og sveigjanlegar heimildir um staðsetningu húsnæðis af þessu tagi á fjölmörgum landnotkunarsvæðum aðalskipulagsins.“

Skv. aðalskipulagsbreytingunni skal leitast við að staðsetja þessar búsetulausnir í göngufæri við verslun, þjónustu, almenningssamgöngur og heilnæm útivistarsvæði. Þá er talið heppilegt að þær séu innan eða í jaðri íbúðarbyggðar. Staðsetningin sem um ræðir uppfyllir þessi atriði.

Með samþykkt framangreindrar aðalskipulagsbreytingar verður tekinn af allur vafi um að tillaga að staðsetningu allt að fimm tímabundinna smáhýsa í Laugardal sé í samræmi við landnotkunarákvæði aðalskipulags. Nánari upplýsingar um breytingu á aðalskipulagi vegna sértækra búsetuúrræða má finna á www.adalskipulag.is.

2. Athugasemdir varðandi Laugardalinn sem útivistarsvæði

Fjöldi bréfaritara er búsettur í hverfinu og mótmælir staðsetningu smáhýsa í Laugardalnum. Fjölskyldur, börn og ungmenni sækja dalinn til útiveru og gangi þar um daglega á leið á íþróttæfingar. Leggja beri áherslu á áframhaldandi þróun og uppbyggingu svæðisins sem íþróttatómstunda- og útivistarsvæði fyrir alla Reykvíkinga og landsmenn. Tillagan bæti ekki þá ímynd Laugardalsins. Leggja þurfi raflagnir, frárennsli og vegi að smáhýsunum og stangist það á við greinargerð deiliskipulagstillögunnar þar sem stendur: „Ekki er gert ráð fyrir að búseta sé varanleg notkun á lóðinni“.

Dalurinn sé mikið notaður af nemendum í skólunum í kring sem og íþróttafélögunum. Mikill skortur sé t.d. á íþróttahúsi og innanhússaðstöðu fyrir Þrótt, Ármann og fyrir íþróttakennslu skólanna í Laugardalnum. Leggja mætti áherslu á að bæta þessa aðstöðu.

Löngu sé kominn tími á að skilgreina Laugardalinn sem eina skipulagsheild og ná þannig utan um nýtingu og uppbyggingu í dalnum með heildrænum hætti. Mikil þörf sé á varanlegri stefnumörkun fyrir svæðið. Skorað er á Reykjavíkurborg að setja sér heildstæða stefnu í þeim málum í samráði við íbúa, íþróttafélög og skóla á svæðinu. Borgin hafi ítrekað reynt að skera sneiðar af Laugardalnum og ekki sé tilefni til að þrengja enn frekar að því græna og opna svæði þar sem íbúar geta notið andrýmis.

Útlitsmengun sé af malarbílastæðunum á svæðinu í dag. Óskað er eftir að þau verði fjarlægð og svæðinu komið aftur í upprunalegt horf. Ekki eigi að nýta svæðið sem geymslu undir gáma og sendibíla.

Hundaeigandi vekur athygli á að hundagerðið sem sett var upp í Laugardalnum eftir íbúakosningar *Betri Reykjavík* árið 2012 sé staðsett örfáum metrum frá fyrirhuguðum smáhýsum. Tryggja þurfi aðgengi, hreinlæti og öryggi við hundagerðið. Verði tillagan samþykkt óttast viðkomandi árekstur milli íbúa smáhýsanna og hundaeigenda sem leiði til þess að hundagerðið þurfi að víkja.

Skorað er á borgaryfirvöld að endurskoða ákvörðun sína og finna smáhýsabyggðinni nýjan stað. Þá er óskað eftir rökstuðningi fyrir því að engin önnur svæði í borginni henti betur fyrir smáhýsin. Bréfaritarar stinga m.a. upp á Geldinganesi, Grafarvogi, miðborg, Vesturbæ, Breiðholti og Sundahafnarsvæðinu.

Stjórn íbúasamtaka Laugardals (ÍL) segja það dapra þróun að keyra deiliskipulagsvinnuna áfram í samkomubanni og neita íbúum í Laugardal um tækifæri/íbúafund til að ræða málið. Það sé ólíkt því sem íbúar eigi að venjast. Frestur til að skila inn athugasemdum hafi verið settur án tillits til samkomubanns til 4. maí sem hafi takmarkað möguleika á fundarhöldum um málefnið. Óviðeigandi sé að blanda málaflokkinum um búsetulausnir fyrir heimilislausu inn í áralanga deilu um hvað eigi að gera við reitinn sem um ræðir. Tillögunni er mótmælt þótt tímabundin sé. Ólíklegt þyki að húsin verði færð ef leggja á hita og rafmagn í þau. Íbúasamtök Laugardals kalla eftir því að gert sé heildarskipulag fyrir Laugardalinn allan.

Svar:

Tekið er undir mikilvægi Laugardals sem opið grænt útivistarsvæði í borginni, enda er hann skilgreindur sem borgargarður í aðalskipulagi. Einnig er tekið undir að tímabært sé að endurskoða skipulag Laugardals sem heild og marka skýra stefnu fyrir hann til framtíðar með áherslu á að efla Laugardal sem lykilsvæði fyrir íþróttastarf og annað þess háttar. Sú vinna er framundan og verður unnin í samráði við skóla, íþróttafélög, íbúa og aðra hagsmunaaðila á svæðinu.

Eins og fram kemur í skilmálum deiliskipulagstillögunnar er ekki gert ráð fyrir að búseta sé varanleg notkun á nýrri lóð og eru smáhýsin víkjandi fyrir öðrum áformum. Skipulagsfulltrúi vill undirstrika að smáhýsin eru tímabundin lausn á brýnum húsnæðisvanda. Þau eru ekki fordæmisgefandi fyrir almenna íbúðarbyggð á deiliskipulagssvæðinu og hafa ekki áhrif á önnur áform á svæðinu eða heildarskipulag og stefnu fyrir Laugardal til framtíðar. Um er að ræða færanleg mannvirki þótt vissulega þurfi að fara í framkvæmdir vegna vatns, fráveitu og rafmagns.

Tekið er undir að núverandi notkun og ásýnd svæðisins sem um ræðir, þ.e. malarvegur þar sem mörgum stórum bílum er lagt, sé óskemmtileg og eigi ekki heima á þessum stað. Þessi bílastæði eru ekki formlega fest í sessi/sambýkkt og eðlilegt að þau víki. Ekki stendur til að fjarlægja, breyta eða raska núverandi hundagerði í tengslum við smáhýsin.

Stjórn ÍL óskaði eftir að haldinn yrði opinn fundur um tillöguna fyrir íbúa Laugardals. Það var afstaða skipulagsfulltrúa að eðli og umfang tillögunnar gæfi ekki tilefni til að halda opinn íbúafund, enda um að ræða tímabundið fyrirkomulag á mjög afmörkuðu svæði. Skipulagsfulltrúi bauð þó fulltrúum ÍL að mæta á fund á Höfðatorgi í þeim tilgangi að heyra frekari sjónarmið íbúa, svara spurningum þeirra og upplýsa nánar um þau atriði tillögunnar sem höfðu þótt óljós. Fundur var haldinn þann 26. maí 2020. Viðstaddir voru fulltrúar íbúasamtaka Laugardals, hér á meðal formaður, og fulltrúar umhverfis- og skipulagssviðs og velferðarsviðs. Frestur til að skila inn athugasemdum við tillöguna var framlengdur til 3. júní 2020 til að íbúar hefðu möguleika á að koma fleiri atriðum á framfæri í kjölfar fundarins.

Leitast er við að staðsetja smáhýsi í nálægð við almenningssamgöngur og helstu nærþjónustu. Gott aðgengi þarf að vera fyrir losunarbíla og neyðarakstur og æskilegt er að húsin séu ekki í miðri skilgreindri íbúðarbyggð. Vandasamt hefur reynt að finna staðsetningar sem uppfylla mikilvægustu forsendur. Skipulagsfulltrúi hefur verið opinn fyrir tillögum að staðsetningum sem uppfylla flest skilyrðin og eru á borgarlandi. Bréfaritarar stinga upp á fjölda borgarhluta sem þeir telja heppilegri fyrir smáhýsi en engar nánari staðsetningar eru tilgreindar. Tekið er fram að allir borgarhlutar eru – og hafa verið – til skoðunar.

3. Athugasemdir varðandi tilvonandi íbúa

Óljóst sé hversu marga skjólstaðinga hvert hús eigi að hýsa þótt fjöldi húsa komi fram. Engar upplýsingar séu um öryggisgæslu eða hvernig viðhald og þrif á svæðinu verði háttað. Sé horft á reynslu sams konar smáhýsabyggða hafi hún leitt í ljós að umgengni í nágrenni þeirra sé gríðarlega ábótavant.

Þekkt vandamál tilvonandi íbúa, m.a. fíkniefnaneysla, þjófnaður og ofbeldi af ýmsu tagi, eigi ekki heima á stað sem börn nýti daglega fyrir íþróttir og tólmstundir og á leið í skóla. Ljóst sé að fólk í fíkniefnaneyslu fylgi aðrir einstaklingar í sams konar stöðu með tilheyrandi áhöldum til slíkrar neyslu. Það séu ekki aðeins íbúar Laugardals sem venja komur sínar í dalinn. Þar sé einnig Skautahöll Reykjavíkur og Fjölskyldu- og Húsdýragarðurinn. Smáhýsin minnki öryggi barnanna og verði jafnvel til þess að foreldrar þurfi að fara úr vinnu til að skutla þeim á æfingar. Ekki sé áætlanlegt að börn líði fyrir tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar fyrir aðeins fimm íbúa. Sjónarmið um að allir þegar borgarinnar hafi rétt á samverustað séu vissulega gild en velferð og öryggi yngstu borgaranna séu það líka.

Svar:

Einn íbúi verður í hverju húsi og lagt er til að heimilt verði að reisa allt að fimm hús á lóðinni sem um ræðir.



Smáhýsin eru hluti af þjónustukeðju „Húsnæði fyrst“-hugmyndafræðinnar fyrir heimilislauða einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuþarfir (HMFÞ) hjá Reykjavíkurborg. Vettvangs- og Ráðgjafarteymi borgarinnar (VoR-teymið) er hluti af „Húsnæði fyrst“-þjónustu Reykjavíkurborgar og með það meginmarkmið að miðla aðgengi að þjónustu sem notandi þarf til að ná markmiðum/þörfum sínum. Þeir sem fá úthlutað í smáhýsi eru í virkri þjónustu VoR-teymisins, en það er eitt af skilyrðum þess að fá úthlutað smáhýsi.

Með „Húsnæði fyrst“ leiðinni er reynt að mæta óskum íbúa varðandi staðsetningu húsnæðis. Úthlutun í smáhýsi veitir íbúum tækifæri á því að lifa sínu lífi innan veggja heimilis síns. Með því að koma upp smáhýsum er verið að stuðla að öruggu húsnæði fyrir einstaklinga með fjölþættan vanda. Því fylgir að þeir hafa greiðari aðgang að þjónustu og stuðningi ásamt auðveldara aðgengi að skjólstaðingum fyrir starfsmenn málaflokksins. Grundvallarmunurinn felst í því að allan daginn hafa einstaklingar öruggt skjól í stað þess að hafa aðgang að neyðargistingu nótt eftir nótt.

Forstöðumaður verður yfir öllum smáhýsum og veitir íbúum viðeigandi stuðning ásamt starfsmönnum VoR-teymisins. Forstöðumaður gerir þjónustu- og búsetusamning við hvern og einn íbúa auk þess sem gerð verður einstaklingsbundin þjónustuáætlun við þá sem þess þurfa. Íbúar hafa félagsráðgjafa hjá Þjónustumiðstöð sem aðstoðar þá eftir bestu getu, auk þess sem þeir fá stuðning frá Vettvangs- og Ráðgjafarteymi borgarinnar. Eftir að einstaklingur fær úthlutað í smáhýsi skrifar hann undir þjónustusamning og meðfylgjandi húsreglur. Forstöðumaður mun tryggja hreinlæti og þrífnað við smáhýsin.

Búsetulausnin við Fiskislóð á Granda var sett upp árið 2008, þ.e. löngu áður en velferðarsvið þróaði þá umfangsmiklu þjónustu og þann stuðning sem nú er við íbúana. Það er nýlegt að smáhýsin við Fiskislóð heyri undir VoR-teymið og því nýtt að íbúar þeirra séu í virkri þjónustu VoR-teymisins. VoR-teymið hefur lagt kapp á að ná meðferðarsambandi við þá sem þar búa og styðja þá í búsetu.

Ekki er vitað um félagsleg tengsl tilvonandi íbúa smáhýsa. Eftir að einstaklingur fær úthlutað í smáhýsi skrifar hann undir þjónustusamning og meðfylgjandi húsreglur. Þar kemur meðal annars fram að gestir séu á ábyrgð íbúa svo ef til þess kemur að húsreglur verði brotnar ber forstöðumanni smáhýsa að veita íbúa áminningu. Út frá þessari áminningu er leitast við að auka stuðning / breyta stuðningi til að aðstoða íbúa við að fylgja settum húsreglum. Á dagvinnutíma starfa starfsmenn VoR-teymisins og eiga allir íbúar sinn tengilið þar. Komi til þess að íbúi þurfi stuðning við að setja gestum sínum mörk styðja tengiliðir þeirra við vinnslu þeirra mála ef íbúi óskar eftir. Ef óboðna gesti ber að garði sem virða ekki húsreglur (eða beiðni íbúa og stuðningur starfsfólks er fullreyndur) er kallað til aðstoðar frá lögreglu líkt og gert yrði í sambærilegum atvikum utan hins félagslega kerfis.

4. Athugasemdir frá íþróttafélögum og -aðilum

Hafnar- og mjúkboltafélag Reykjavíkur (HMR)

HMR fagnar framtaki borgarinnar til að hjálpa íbúum sem vantar húsnæði en setur spurningarmerki við staðsetninguna sem um ræðir. Undanfarin ár hafi HMR verið með hafna- og mjúkbolta, og fánafótboltakynningar fyrir grunnskóla og sumaræfingar og námskeið. Félagið hafi sótt um framkvæmda-, og stöðuleyfi undanfarin ár í tengslum við sumarstarfsemi nákvæmlega þar sem smáhýsunum er fyrirhugaður staður. HMR hafi sótt um lóð til skrifstofu borgarstjóra (31.3.2020) á nákvæmlega sama stað með því markmiði að reisa þar innanhússaðstöðu fyrir tennis og aðrar íþróttir HMR. Starfshópur hafi starfað í tæpan áratug við að finna lausn í því máli.

Stjórn Frjálsíþróttasambands Íslands (FRÍ)

Stjórn FRÍ fer fram á að auglýst breyting verði afturkölluð. Um sé að ræða svæði sem geti orðið lykilsvæði í að leysa framtíðarmálefni þjóðarleikvanga fyrir fjölda íþróttar.

Ein af sviðsmyndunum sem settar hafi verið fram séu að neðan Suðurlandsbrauta verði byggður frjálsíþróttavöllur á Suðurlandsbrautarvelli. Á svipuðum slóðum hafi verið uppi vangaveltur um nýja þjóðarhöll innanhússíþróttar sem myndi auka enn á mikilvægi þess að hafa frelsi til athafna. Stjórn FRÍ vonast til að svæðið fái að standa undir nafni sem útivistar- og íþróttasvæði um ókomin ár.



Knattspyrnufélagið Þróttur

Knattspyrnufélagið Þróttur gerir alvarlegar athugasemdir við tillöguna þar sem hún samræmist ekki þeirri starfsemi sem fyrir er í dalnum. Fjöldi ungra íþróttaiðkenda nýti þá starfsemi sem Þróttur hefur upp á að bjóða á svæðinu og eina örugga göngu- og hjólaleið iðkenda að félagssvæði Þróttar úr Voga- og Sundahverfi sé í gegnum Laugardalinn, rétt hjá fyrirhugaðri staðsetningu smáhýsanna. Líklegt sé að iðkendum félagsins og fjölskyldum þeirra muni þykja návígi við smáhýsin óþægilegt. Mikilvægt sé að íþróttaiðkendum og öðrum líði vel og upplifi sig örugg í umhverfi sínu og leggja íþróttafélögin metnað sinn í að svo sé. Því miður hafi borist neikvæðar fréttir af sambærilegum búsetulausnum, t.d. við Fiskislóð. Félagið hafi skilning á að Reykjavíkurborg þurfi að finna staðsetningu fyrir smáhýsin en þessi sé ekki heppileg.

Fulltrúar Grímufélagsins Ármanns, Skautafélags Reykjavíkur - listhlaupadeild, Knattspyrnufélags Þróttar, Tennis- og Badmintonfélags Reykjavíkur og Borðtennisdeildar Víkings

Forsvarsmenn íþróttafélaga í Laugardal telja að breytingartillagan sé til þess fallin að ógna öryggi barna á leið í íþrótt- og tómstundastarf. Leiðir margra barna liggja í gegnum Laugardalinn og ekki sé víst að foreldrar muni treysta sér til að senda börn sín ein á æfingar. Bílaumferð myndi óhjákvæmilega aukast vegna þessa og einhver börn jafnvel ekki geta stundað sína íþrótt. Verkefnið sé verðugt en farið fram á að staðsetningin sem um ræðir verði endurskoðuð.

Svar:

Skv. ÍTR er málið til umfjöllunar þar (varðandi framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja í Laugardal, svo sem frjálsíþróttavöllur, þjóðarhöll fyrir inniþróttir, þjóðarleikvangur í knattspyrnu, íþróttahús fyrir Þrótt, tennishöll o.fl.). Það er þó ekki komið á skipulagslegt stig og ekkert erindi hefur (enn) borist skipulagsfulltrúa til nánari skoðunar.

Varðandi hlutverk – og ekki síst framtíðarhlutverk – svæðisins er tekið undir að tímabært sé að skoða stefnu svæðisins sem heild, sbr. svar við punkti 2.

Varðandi athugasemdir um frágang við húsin, öryggi og þjónustu við íbúa vísast til svara við punkti 3.

5. Aðrar athugasemdir

Reitir fasteignafélag

Reitir fasteignafélag gerir alvarlegar athugasemdir við tillöguna í heild sinni. Hún sé til þess fallin að hafa veruleg og neikvæð áhrif á uppbyggingaráform Reita á lóð nr. 34 við Suðurlandsbraut (Orkureit). Ekkert samráð hafi farið fram. Neikvæð áhrif séu ekki eingöngu fjárhagsleg heldur varði gæði íbúða, öruggar og barnvænar gönguleiðir og öruggt og aðlaðandi umhverfi. Smáhýsin myndu setja fyrirhugaða örugga göngutengingu yfir í Laugardalinn í uppnám og hafa áhrif á solumöguleika íbúða á reitnum.

Þá sé breytingartillagan ekki í samræmi við landnotkunarákvæði í gildandi aðalskipulagi. Tillögunni fylgi engar nánari upplýsingar um hvaða skjólstaðingar munu búa í smáhýsunum. Félagsleg vandamál geti skapast.

Breyting á gildandi deiliskipulagi bendi til þess að um varanlega lausn sé að ræða.

Reitir áskilja sér rétt til að endurskoða uppbyggingaráform sín á Orkureitnum ef tillagan nær fram að ganga. Borgin væri að vinna gegn eigin stefnu um þéttingu byggðar meðfram þróunarás með því að stuðla að því að Reitir falli frá áformum á Orkureit.

Umsögn Veitna

Veitur benda á að tenging við hitaveitu komi til með að vera óhagkvæm þar sem þvera þurfi Suðurlandsbraut til að tengjast heitu vatni. Kostnaður við heimlagir falli á Reykjavíkurborg eða framkvæmdaraðila skv. gjaldskrá Veitna.

Jákvæð athugasemd

Íbúa í Laugardal sem notar dalinn mikið til útivistar og ánægju líst vel á hugmyndina og lýsir ánægju sinni með tillögu að breytingu á deiliskipulagi og áform um tímabundið búsetuúrræði í smáhýsum á því svæði sem tilgreint er, enda sé það ekki nýtt með neinum hætti og malarstaði með rútbílum ekki til prýði. Svæðið myndi henta vel fyrir smáhýsin sem mikil þörf er fyrir.



Svar:

Tilgangur auglýsingartímans er að kalla eftir athugasemdum frá hagsmunaaðilum og borgarbúum. Allir hafa því möguleika á að koma sínum sjónarmiðum og/eða frekari upplýsingum á framfæri í ferlinu. Unnið er úr athugasemdum áður en endanleg afstaða er tekin til breytingartillögunnar.

Núverandi göngutengingar verða áfram til staðar.

Varðandi samræmi tillögunnar við aðalskipulag er vísað í framangreind svör við punkti 1.

Telji eigandi fasteignarinnar að Reykjavíkurborg hafi með samþykkt skipulagsáætlunar valdið honum tjóni þá er vakin athygli á 51. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem er kveðið svo á um að valdi gildistaka skipulagsáætlana því að verðmæti fasteignar lækkar, nýtingarmöguleikar hennar skerðast frá því sem áður var heimilt eða að hún rýrnar svo að hún nýtist ekki til sömu nota og áður og á þá sá sem sýnt getur fram á að hann verði fyrir tjóni af þessum sökum rétt á bótum úr sveitarsjóði eða að sveitarsjóður leysi fasteignina til sín. Verðmæti fasteignarinnar verða að skerðast meira heldur en almennt gerist á skipulagssvæðinu. Kröfu um bætur skal beint að sveitafélaginu sem tekur afstöðu til kröfunnar þegar og ef hún berst.

Umhverfis- og skipulagssvið hefur haft samráð við Veitur um tillöguna. Það sama á við um aðrar breytingartillögur er varða smáhýsi í borginni.

Skipulagsfulltrúi þakkar fyrir allar athugasemdir.

Niðurstaða

Lagt er til að tillagan verði samþykkt óbreytt eins og hún er sett fram á uppdrætti Trípólí arkitekta, dags. 28.1.2020.

F.h. Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sólveig Sigurðardóttir
arkitekt / verkefnastjóri